Jafnréttisfræðsla í leik- og grunnskólum

Skýrsla 4	**(7. og 8. kennslustund)**	**Vogaskóli, 19. - 22. september 2008**
Sigurbjörg Hallgrímsdóttir og Unnur Gunnarsdóttir umsjónarkennarar 4. S.U.		

Hvernig velur fólk húsnæði sitt og hvernig fóru landnámsmenn að?

Ræddum um hvernig fólk eignast húsnæði í dag og hvernig landnámsfólkið bar sig að þegar það eignaðist landið sitt. Hver ákveður flutning í dag? Ákveða karl og kona það saman eða kaupir karlinn húsið og flytur með konuna? Hvernig fóru landnámsmenn að? Var landnámskonan með þegar karlinn henti öndvegissúlunum fyrir borð og bar eld að landinu? Eða sá hann um þetta einn?

Ræddum muninn frá því á landnámsöld og hvernig nútímamaðurinn fer að. Ræddum hvernig græðgin ræður ríkjum í dag og hvað réði vali á landnámsöld. Börnin ræddu um hve munurinn er mikill og voru öll sammála um að mikið hefði breyst og þá kannski helst hvernig karlinn ákvað allt einn á landnámsöld en bæði kynin velja saman í dag.

Umræðupunktar barnanna:

Nútímamaðurinn :

- Nýtt þak
- Stór garður
- Nýtt gler
- Nýtt rafmagn
- Nýjan jeppa
- Ný húsgögn
- Nýja konu
- Fullt af herbergjum
- Há laun



Landnámsmaðurinn:

- Hlýjir vindar
- Góð veiði
- Gróður
- Gott svæði
- Þræla
- Ambáttir
- Blót